

Starfsskýrsla



leikskólans Birkilundar

veturinn 2010-2011

Efni:

1.	Starfstími	2
2.	Leikur og starf	2
3.	Nemendafjöldi	6
4.	Starfsmannahald	6
5.	Aðalnámskrá leikskóla.....	7
6.	Skólanámskrá	7
7.	Sérkennsla	7
8.	Fundir og önnur samskipti	8
9.	Símenntun	9
10.	Tölvumál	10
11.	Próunarverkefni	10
12.	Mat á skólastarfi	10
13.	Framkvæmdir	10
14.	Gjafir	11

Fylgiskjöl:

1. Ársáætlun 2010-2011
2. Dagatal
3. Barnið í brennidepli

1. Starfstími

Starfsárið var frá 9. ágúst 2009 til 1. júlí 2010. Í ársáætlun, sem send var til allra foreldra í september, er talið upp starfsfólk og vinnutími þess, starfið á deildunum og skipulags- og námskeiðsdagar. Sjá *fylgiskjal 1*.

Mánaðarlega er sent heim dagatal með matseðli og helstu viðburðum og fréttum. Sjá *fylgiskjal 2*.

Opnunartími leikskólans er frá 7:45-16:00.

2. Leikur og starf

Skipulagt starf fór af stað í september. Meginþemað er: *Ég sjálfur, umhverfi mitt og náttúran*. Unnið er út frá því á margvíslegan hátt í leik og starfi. Í ársáætlun er fjallað nánar um starfið á deildunum.

Við höfum farið í íþróttahúsið með 3 hópa í hverri viku í vetur. Það hefur verið farið með hópa í bókasafn Varmahlíðarskóla og fengnar lánaðar bækur. Einnig hefur verið farið í gönguferðir um skóginn og nágrennið og niður að Húseyjarkvíslinni. Elstu börn leikskólans hafa farið í heimsóknir inn í bekki í Varmahlíðarskóla og börn þaðan komið til okkar. Við notum skóginn við hliðina á leikskólanum reglulega. Þar höfum við komið upp aðstöðu þar sem börnin una sér vel. Farið er í hverri viku með litla hópa. Þau fá að tálga og saga, klifra og brasa ýmislegt sem þeim dettur í hug.

Kristín Halla Bergsdóttir var með tónlistarkennslu einu sinni í viku, bæði á yngri og eldri deild.

Haldið var áfram með verkefnið „Gaman saman“, sem hefur það að markmiði að auka samskipti milli Varmahlíðarskóla og Birkilundar, skapa félagsleg tengsl milli eldri og yngri barna og auðvelda börnunum að flytjast á milli skólastiga.

Helstu viðburðir í skólastarfinu í vetur voru eftirfarandi:

September

- Fimmtudaginn 16. var farið í fjöruferð á Garðssand með tvo yngri árgangana á eldri deildinni. Þar sem aðeins eru 3 börn í árgangi 2006 var ákveðið að fara líka með árgang 2007 og sleppa þá fjöruferð næsta haust.

Október

- Fimmtudaginn 7. kom 1. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn. Þau skiptu sér í 3 hópa og léku sér bæði inni og í garðinum með leikskólabörnunum.

- Föstudaginn 8. voru heimsóknir milli deilda. Þá fóru nokkur börn af hvorri deild ásamt einum starfsmanni í heimsókn yfir á hina deildina. Var ákveðið að hafa svona heimsóknardag einu sinni mánuði.
- Mánudag 18. var náttfatadagur. Þann dag var tekin stund á hverri deild til að skemmta sér í náttfötunum. Fyrsti bekkur Varmahlíðarskóla kom á náttfataball með Furuhóp milli kl 10 og 11.
- Miðvikudaginn 27. fór Furuhópur (elsti árgangur leikskólans) í heimsókn í heimilisfræði og smíði hjá 5. bekk í Varmahlíðarskóla.
- Miðvikudaginn 27. héldum við upp á alþjóðlega bangsadaginn með því að börnin fengu að koma með bangsa með sér í skólann.

Nóvember

- Mánudag 1. var rugldagur. Snéru fötin þá öfugt á einhvern hátt, eða sokkarnir voru ósamstæðir. Matartímarnir rugluðust líka eitthvað svo hádegismaturinn var í morgunmat og hafragrauturinn síðdegis.
- Miðvikudaginn 3. fór Furuhópur (elsti árgangur leikskólans) í heimsókn í heimilisfræði og smíði hjá 5. bekk í Varmahlíðarskóla. Þeir sem fóru í smíði síðast fóru nú í heimilisfræði og öfugt.
- Fimmtudaginn 11. fór Furuhópur í tölvutíma með 2. bekk í Varmahlíðarskóla.
- Föstudaginn 12. voru heimsóknir milli deilda.
- Þriðjudag 16., í tilefni af degi íslenskrar tungu, komu börn í 7. bekk Varmahlíðarskóla og lásu sögur fyrir leikskólabörnin.
- Þriðjudaginn 30. kom 3. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn. Þau skiptu sér niður á Könglaland, Kvistaland og Furuland, voru u.þ.b. 20 mínútur á hverjum stað og skiptu síðan, þannig að allir fengu að fara á öll svæðin. Á hverju svæði tóku þau þátt í því starfi sem þar var í gangi.

Desember

- Fimmtudaginn 2. kom 3. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn. Þau skiptu sér niður á Könglaland, Kvistaland og Furuland, voru u.þ.b. 20 mínútur á hverjum stað og skiptu síðan, þannig að allir fengu að fara á öll svæðin. Á hverju svæði tóku þau þátt í því starfi sem þar var í gangi.
- Föstudaginn 3. voru heimsóknir milli deilda.
- Mánudaginn 6. voru bakaðar piparkökur.
- Miðvikudaginn 8. bauð foreldrafélagið upp á leiksýningu um Grýlu í Varmahlíðarskóla. Starfsmenn á Könglalandi fylgdu þangað þeim börnum af deildinni sem ekki fóru í fylgd foreldra.

- Mánudaginn 13. tók Furuhópurinn þátt í Tarsanleik í íþróttahúsinu ásamt yngstu bekkjum Varmahlíðarskóla.
- Fimmtudaginn 16. fór Furuhópurinn í Varmahlíðarskóla og fékk að sjá hluta af því sem grunnskólabörnin voru búin að æfa fyrir litlu jólin.
- Föstudaginn 18. átti jólaball leikskólans að vera en því var frestað vegna óveðurs.
- Þriðjudaginn 21. var haldið jólaball fyrir öll börnin og voru foreldrar og systkini líka boðin. Var það haldið í setustofunni í Varmahlíðarskóla þar sem ekki er rúm fyrir allan þennan fjölda í okkar húsnæði. Var mjög góð mæting og aðeins þrjú leikskólabörn sem ekki komu. Stefán Gíslason spilaði á harmonikku, tveir jólasveinar mættu á staðinn með gott í poka og síðan var boðið upp á kaffi, safa og piparkökur.

Janúar

- Þriðjudaginn 11. kom 4. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn.
- Föstudaginn 14. voru heimsóknir milli deilda.
- Fimmtudaginn 20. kom 1. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn.
- Fimmtudaginn 27. kom 6. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn.
- Föstudaginn 28. var haldið upp á 12 ára afmæli Birkilundar með því að bjóða foreldrum til morgunverðar. Var boðið upp á hafragraut, slátur, brauð og súrmat. Voru það rúmlega 20 manns sem þáðu það boð.
- Mánudaginn 31. janúar fór $\frac{1}{2}$ Furuhópur í myndmennt með 8. bekk Varmahlíðarskóla.

Febrúar

- Miðvikudaginn 2. febrúar fór $\frac{1}{2}$ Furuhópurinn í textílmennt með 9. bekk Varmahlíðarskóla.
- Í tilefni af degi leikskólans, 6 febrúar, fórum við í gönguferð um Varmahlíð mánudaginn 7. Í broddi fylkingar héldum við á borða með nafni leikskólans.
- Mánudaginn 7. febrúar fór $\frac{1}{2}$ Furuhópur (þeir sem ekki fóru 31. janúar) í myndmennt með 8. bekk Varmahlíðarskóla.
- Miðvikudaginn 16. febrúar fór $\frac{1}{2}$ Furuhópurinn (þeir sem ekki fóru 2. febrúar) í textílmennt með 9. bekk Varmahlíðarskóla.

Mars

- Fimmtudaginn 3. kom 2. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn í Birkilund og lék við leikskólabörnin.

- Á öskudaginn, 9. mars, vorum við með grímuball fyrir öll börnin milli kl 10 og 11. Góð mæting var. Deildirnar voru hver fyrir sig. Það var snakk í tunnunni og harðfiskur frá Kauppingi.
- Fimmtudaginn 17. fór Furuþópurinn í íþróttir með 7. bekk Varmahlíðarskóla.
- Mánudaginn 17. fór árgangur 2006 í heimsókn í slökkvistöðina. Guðmundur slökkviliðsstjóri tók á móti þeim þar og sýndi þeim búnað og aðstöðu.
- Föstudaginn 25. fór Furuþópur í Miðgarð lokaæfingu á Dýrunum í Hálsaskógi sem var árshátíðarverkefni 1.-6. bekkjar Varmahlíðarskóla.

Apríl

- Föstudaginn 1. voru heimsóknir milli deilda.
- Mánudaginn 4. fór Furuþópurinn í náttúrufræði með 6. bekk Varmahlíðarskóla.
- Fimmtudaginn 7. kom 5. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn og lék við leikskólabörnin.
- Mánudaginn 11. fór árgangur 2007 ásamt 2 kennurum upp í Víðimýri og skoðaði þar kirkjuna og garðinn.
- Miðvikudaginn 27. var farið í sveitaferð með öll börnin sem voru í leikskólanum. Við fórum í Kúskerpi. Þar sáum við kýr og kálfa og eina geit. Fengum köku og mjólk.

Maí

- Fimmtudaginn 5. fór Furuþópurinn í sund með 7. bekk Varmahlíðarskóla.
- Mánudaginn 9. fór Furuþópurinn í gönguferð með 1., og 2. bekk Varmahlíðarskóla. Gengið var niður að Húseyjarkvíslinni og að Hestavígshamri. Það var rigning um morguninn en þegar lagt var af stað í göngutúrinn brast á með sólskini og blíðu svo allir komu sveittir heim í pollafötunum.
- Mánudaginn 16. fór Furuþópur í heimsókn í Byggðasafnið í Glaumbæ, þar sem starfsmaður safnsins sýndi þeim það markverðasta sem þar var að sjá. Á eftir borðuðu þau hamborgara í K.S.Varmahlíð.
- Miðvikudaginn 25. kl 10:30 var 1. bekk Varmahlíðarskóla og leikskólabörnunum boðið á lokaæfingu á Skilaboðaskjóðunni í flutningi Furuþóps. Því miður komst 1. bekkurinn ekki.
- Miðvikudaginn 25. kl 14:00 var útskrift úr Furuþóp. Fjölskyldum barnanna var boðið að koma. Börnin fluttu Skilaboðaskjóðuna, fengu síðan afhent kveðjuskjal og rós. Síðan var boðið upp á kökur, mjólk og kaffi.

- Fimmtudaginn 26. var Reykjarhólsdagur. Þann dag var gengið á Reykjarhólinn með svala og brauð í nesti. Það voru börnin af Könglalandi (eldri deildinni) sem gengu á hólinn. Eldri börnin af Kvistalandi gengu hring í skógræktinni og þrjú yngstu börnin fóru í skóginn við hliðina á leikskólanum, léku sér þar og fengu nesti. Veðrið var ágætt.
- Þriðjudaginn 31. voru settar niður kartöflur.

Júní

- Miðvikudaginn 1. stóð foreldrafélagið fyrir sumarhátíð í garðinum við leikskólann frá kl 16 til 18. Það var mjög góð mæting. Skoppa og Skrýtla skemmtu og síðan var boðið upp á grillaðar pylsur og Skoppu og Skrýtlu-klaka. Veðrið var bjart og hlýtt, sem var tilbreyting frá norðankuldanum sem hafði verið ríkjandi lengi.

3. Nemendafjöldi

1. des. 2010

Aldur	Meðalnýting		Fjöldi			Dvalarst.	Dvalarg.
	F.h.	E.h.	Drengir	Stúlur	Alls		
Árg. 2005	11,2	5,6	6	7	13	75,19	7,5
Árg. 2006	2,6	2,0	2	1	3	19,3	2,4
Árg. 2007	5,8	4,6	5	1	6	41,05	6,7
Árg. 2008	8,2	2,8	3	6	9	54,85	11,0
Árg. 2009	2,0	0,0	2	0	2	8,0	2,0
	29,8	15,0	18	15	33	198,39	29,6

4. Starfsmannahald

1. des 2010

	Starfsfólk alls		Starfsfólk í starfi		Fæðingarorlof	
	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.
Leikskólakennarar	4	3,65	4	3,65		
Grunnskólakennarar	1	1,00	1	1,00		
Ófagl. starfsmenn	6	4,27	5	3,52	1	0,75
Eldhús	1	0,6	1	0,6		
Ræsting	1	0,38	1	0,38		
Alls	14	9,9	13	9,15		

5. Aðalnámskrá leikskóla

Unnið er eftir aðalnámskrá leikskóla og er megin efni hennar komið til framkvæmda.

6. Skólanámskrá

Skólanámskrá var endurskoðuð í vetur. Ný útgáfa var birt á heimasíðu Birkilundar í júní og nokkur prentuð eintök eru til í leikskólanum.

7. Sérkennsla

Guðbjörg Sigfúsdóttir sérkennslustjóri sinnir sérkennslunni að mestu en auk hennar var 1 stuðningsaðili starfandi. Það voru 2 börn sem áttu rétt á stuðningi í vetur samkvæmt þeirri greiningu sem þau hafa hlotið.

Inga Huld talmeinafræðingur hefur komið nokkrum sinnum til að meta og endurmeta börn. Það eru 4 börn sem hún hefur hitt í vetur. Sum aðeins einu sinni en önnur oft. Hún hefur gefið okkur góð ráð og leiðbeiningar um hvernig hægt er að vinna með börnin. Hafa þau verið í þjálfun ein eða með öðrum eftir því sem ástæða hefur þótt til.

Stúlka með Downs-heilkenni hefur verið með stuðningsaðila og fengið sérkennslu. Er ýmist unnið með hana í barnahópnum eða eina. Dóra Heiða þroskaþjálfari hefur verið okkur til leiðsagnar. Guðbjörg hefur skipulagt stuðninginn og séð um einstaklingskennslu ásamt því að veita stuðning í hópnum. Hún hefur búið til kennslugögn og einnig nýtt sér Irene námsefni, sem verið er að þýða yfir á íslensku. Teymisfundir voru haldnir 14. september, 7. desember, 8. febrúar og 12. apríl. Þar hittust Dóra Heiða þroskaþjálfari, Fanney sjúkraþjálfari, Inga Huld talmeinafræðingur, Guðbjörg sérkennslustjóri, Linda deildarstjóri og Steinunn leikskólustjóri auk foreldra og ræddu stöðu barnsins og framhald þjálfunar. Skilafundur með Greiningarstöð var haldinn í fjarfundabúnaði á Sauðárkróki 19. október. Þar voru fulltrúar frá Birkilundi og Varmahlíðarskóla auk foreldra og þeirra sérfræðinga sem komið hafa að málum Unnar Maríu.

Einn einhverfur drengur var í leikskólanum í vetur. Hann naut bæði stuðnings og sérkennslu. Dóra Heiða þroskaþjálfari hefur verið okkur til leiðsagnar en Guðbjörg hefur skipulagt stuðninginn og séð um hann að nokkrum hluta. Teymisfundir vegna hans voru haldnir 13. október, 22. nóvember, 18. janúar, 1. mars og 26. apríl. Þar hittust Dóra Heiða þroskaþjálfari, Guðbjörg sérkennslustjóri, Linda deildarstjóri, Steinunn leikskólustjóri og foreldrar drengsins.

8. Fundir og önnur samskipti

Almennur foreldrafundur var þriðjudaginn 28. september. Hanna Dóra Björnsdóttir ætlaði að fjalla um ADHD, en forfallaðist. Steinunn kynnti Gaman saman verkefnið, Stig af stigi og SMT. Síðan voru almennar umræður um vetrarstarfið og starfsemi foreldrafélagsins.

Foreldrar voru boðaðir í einstaklingsviðtöl hjá deildarstjórum/leikskólakennurum í febrúar og mars þar sem farið var yfir stöðu barnanna í leikskólanum og annað sem snerti veru þeirra hér.

Í vetur hafa verið haldnir 1-2 deildarstjórafundir í mánuði, 8 fundir voru haldnir fyrir áramót og 10 eftir áramót, alls fundir á starfstímanum og voru þeir allir innan venjulegs vinnutíma.

Fagfundur, þar sem hittist fagmenntað starfsfólk leikskólans og ræddi félagsmál og málefni leikskólans, var 1 í vetur. Var hann haldinn innan vinnutíma starfsfólksins.

Fyrirkomulagi starfsmannafunda var breytt í haust. Var þá verið með klukkutíma fund u.þ.b. annan hvern þriðjudag frá kl 16-17. Frá 1. apríl átti að færa starfsmannafundi inn á dagvinnutíma. Starfsfólk Birkilundar ákvað að vera með fundina áfram á sama tíma en fá í staðinn frí á móti. Gert er ráð fyrir 16 klst á hverju starfsári fyrir starfsmannafundi. Deildafundir fyrir Könglaland (eldri deild) voru haldnir annan hvern þriðjudag en deildarfundir fyrir Kvistaland einu sinni í mánuði. Alls voru deildarfundir fyrir Könglaland 15 en 7 fyrir Kvistaland. Einnig voru starfsmanna- og deildafundir á skipulagsdegi í ágúst. Deildarfundir eru haldnir á dagvinnutíma.

SMT teymi hefur hist annan hvern þriðjudag kl 13-14:30. Teymið skipa Steinunn leikskólastjóri, Guðbjörg sérkennslustjóri, Linda og Sigríður deildarstjórar. Auk þeirra hafa aðrir starfsmenn skipst á að sitja þessa fundi, einn í hvert skipti. Alls hittist teymið 13 sinnum í vetur til að útbúa reglur og kennsluáætlanir og ræða annað sem tengist þessu kerfi. Dóra Heiða kom á 1 fund með teyminu en annars unnum við þetta sjálfar þar sem Selma Barðdal var í fæðingarorlofi í vetur.

Starfsmannapóstur var gefinn út í desember þar sem komu fram atriði sem gott var fyrir starfsmenn að hafa hjá sér. Var þar m.a. kynnt sú breyting á starfsmannafundum að þeir mundu verða á dagvinnutíma frá og með 1. apríl.

Leikskólastjórar allra leikskólanna í Skagafirði hittust á fundum með Herdísí fræðslustjóra. Fyrir áramót voru 2 slíkir fundir, en eftir áramót voru 4 fundir. Voru aðstoðarleikskólastjórar/staðgenglar með á einum fundi.

Einn unglingur kom í vinnu í júní og ágúst á vegum vinnuskólans.

9. Símenntun

Skipulagsdagur að hausti var fimmtudaginn 19. ágúst. Byrjað var á deildafundum kl 9-10. Síðan var sameiginlegur fundur fram að hádegi, en þar var m.a. kynnt breytt fyrirkomulag á fundum og fleira tengt starfi leikskólans. Eftir hádegi var sameiginlegur fræðsludagur skólanna í Skagafirði, haldinn í Miðgarði.

Boðað var til haustþings á Blönduósi fyrir starfsfólk leikskóla á norðurlandi vestra föstudaginn 1. október 2010. Elfa Lilja Gísladóttir fjallaði um tónlistarkennslu í leikskóla og Hulda Karen Daníelsdóttir um tvítýngi og millimenningarfærni.

Föstudaginn 17. september fór Guðbjörg á ráðstefnuna: Horft til framtíðar. Mál-Tal-Boðskipti, sem haldin var á Grand hótél í Reykjavík kl. 9:00 til 16:00. Fjallað var um sannreyndar og hagnýtar aðferðir í leik- og grunnskóla og tengsl málþroska við hegðun, líðan og lestur. Fyrirlesarar voru Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur, María Hildipórsdóttir, sérkennari og Svanhildur Svavarsdóttir, talmeinafræðingur

Priðjudaginn 5. október voru Guðbjörg og Linda á námskeiði um börn með Downs-heilkenni á vegum Greiningarstöðvar ríkisins í gegn um fjarfundabúnað á Sauðárkróki.

Sameiginlegur námskeiðsdagur leikskólanna í Skagafirði var haldinn miðvikudaginn 9. febrúar. Hanna Dóra Björnsdóttir fjallaði um Börn með ADHD (einkenni, orsakir og fylgikvillar) og Forvarnir gegn einelti í samfélagi leikskólabarna? Eftir hádegi fjölluðu Þóra Björk Jónsdóttir, Sigurlaug Brynleifsdóttir og Inga Huld Þórðardóttir um Læsi í leikskóla. Fjallað var um máltöku og þá aðallega hljóðánám, kynnt vinna með læsi í leikskóla, sagt frá rannsókn á bókstafabekkingu leikskólabarna, kynnt efni sem getur nýst vel í leikskólastarfi og sagt frá byrjendalæsi sem verið er að innleiða í grunnskólum Skagafjarðar.

Miðvikudaginn 28. október fór Steinunn í heimsókn í leik- og grunnskólann í Fljótum, á Hofsósi og á Hólum ásamt fræðslustjóra og leikskólastjórum Ársala og Tröllaborgar.

Priðjudaginn 1. febrúar fór Steinunn á kynningu á viðveruskráningarkerfinu TÍMON, sem haldin var á Sauðárkróki kl 13-14.

Mánudaginn 28. febrúar fóru Linda, Sigríður og Steinunn á námskeið um stjórnandann í leikskólanum, sem haldið var á Sauðárkróki kl 15:00-17:00. Fyrirlesari var Herdís Sæmundardóttir.

Föstudaginn 8. apríl fóru Linda og Sigríður á námskeiðið: Árangursrík málörvun - mat á árangri, sem haldið var á Akureyri kl 13:00-16:00. Fyrirlesari var Ásthildur Bj. Snorradóttir.

Priðjudaginn 6. júní fór Sigríður á kynningarfund um sjálfsmat leikskóla. Fyrirlesari var Þóra Björk Jónsdóttir.

Föstudaginn 10. júní fóru Bogdís, Jóna, Linda, Margrét, Selma og Sigríður í skólaheimsóknir í Noregi. Heimsóttir voru 4 skólar sem allir leggja áherslu á útikennslu.

10. Tölvumál

Nettengd tölva er á skrifstofu leikskólastjóra og á kaffistofu. Auk þess eru tvær fartölvur. Hafa þær verið nýttar aðeins í sérkennslu en aðallega fyrir undirbúning kennara. Ein gömul tölva er staðsett í Furulandi og hafa börnin aðgang að henni. Tölva á kaffistofu er nýtt fyrir viðveruskráningar en ef hún er upptekin þá notast starfsfólk við síma til að ská sig inn og út.

11. Próunarverkefni

Haldið var áfram með verkefnið „Gaman saman“, sem hefur það að markmiði að auka samskipti milli Varmahlíðarskóla og Birkilundar, efla félagsþroska nemenda og auðvelda börnunum að flytjast á milli skólastiga. Verkefnið felst í gagnkvæmum heimsóknum milli skólanna. Fulltrúar í skipulagshóp í vetur voru Birgitta Sveinsdóttir, Helga Rós Sigfúsdóttir og Sara Gísladóttir frá Varmahlíðarskóla en frá Birkilundi voru Linda Björnsdóttir og Steinunn Arnljótsdóttir. Verkefnið fékk tilnefningu til foreldraverðlauna Heimilis og skóla vorið 2011.

12. Mat á skólastarfi

Notaður er matslistinn „Barnið í brennidepli“. Á starfsmannafundi 7. september var farið í lykilpátt 1, árangursvísi 1.1. Á starfsmannafundi 3. maí var fjallað um lykilpátt 1, árangursvísi 1.2 og 1.3, lykilpátt 2, árangursvísi 2.1, og lykilpátt 3, árangursvísi 3.1. Á fundi 17. maí var haldið áfram með umræðu um árangursvísi 3.1 varðandi þrengsli og álagstíma. Sú umræða kom einnig upp í tengslum við árangursvísi 1.3. Það sem rætt var um er að þar sem Furuland er ekki nýtt allan daginn þá kemur mikill álagstími á Könglalandi í kring um hádegið því öll börnin á eldri deild borða saman í hádeginu. Það þarf að finna leiðir til að draga úr þessu álagi. Samantekt eftir umræðurnar fylgir með skýrslunni. *Sjá fylgiskjal 3.*

13. Framkvæmdir

Vinnuaðstaða í eldhúsi var bætt með því að hækka uppvottavél þannig að ekki þyrfti að beygja sig til að setja grindur í hana og taka þær út. Settur var vaskur með stálborði í staðinn fyrir borðplötuna við hliðina á uppvottavélinni. Léttir þetta mjög störf við uppvask.

Skipt var um krana á flestum ofnum enda voru þeir orðnir mjög lélegir.

Pvottavél var skipt út fyrir aðra lítið notaða.

Tekinn var burt stór skápur á kaffistofu og í staðinn settar upp hillur og vinnuborð við norðurvegginn. Bættir það til muna vinnuaðstöðu kennara og aðgengi að bókum og ýmsum pappírurum.

Settar voru klemmuvarnir á 2 hurðir og skipt um 2 brotnar rúður.

14. Gjafir og styrkir

Skoppa og Skrýtla gáfu leikskólanum DVD-diskinn Skoppa og Skrýtla í bío.

Varmahlíð 11. ágúst 2011

Steinunn Arnljótsdóttir